



# Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Gunnar H. Sigurgeirsson  
Pósthólf 1337  
121 Reykjavík

Tilv. vor Our ref.	Dags. Date
430-90/706	6. nóvember 1991

## MÁL:

Andmæli Sigurjónsson & Thor h.f., f.h. ELLESSE FINANZIARIA SRL., Corciano, Via Filippo Turati, 22 Perugia, Ítalíu.

gegn

skráningu vörumerkisins ELLOS sbr. umsókn nr. 706/1990, frá Gunnari H. Sigurgeirssyni í nafni ELLOS AB, S-501 Borås, Svíþjóð.

## ÁKVÖRDUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

### Málsatvik:

Hinn 17. ágúst 1990 tilkynnti Gunnar H. Sigurgeirsson til skráningar vörumerkið ELLOS. Umsóknin er nr. 706/1990. Óskað var skráningar í 3., 9., 14., 18., 24., 25., 28. og 42. flokk. Vörumerkið var samþykkt til skráningar og birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 28. september 1990.

Með bréfi dags. 28. nóvember 1990 andmælti Sigurjónsson & Thor h.f. skráningu vörumerkisins f.h. ELLESSE FINANZIARIA SRL., Corciano, Via Filippo Turati, 22 Perugia, á Ítalíu. Andmælin eru byggð á ruglingshættu við vörumerkið ELLESSE sbr. skráningu nr. 94/1980 sem er fyrir vörur í 25. flokki.

Þann 7. desember 1990 lagði andmælandi fram rökstuðning sinn í máli þessu. Andmælandi telur að merkin séu mjög lík í framburði og að sjónlíking sé einnig það mikil að ruglingshættu valdi. Vörumerkið ELLESSE er aðeins skráð í 25. flokk en andmælandi krefst þess þó að skráningu verði hafnað í öllum flokkum.

# Einkaleyfastofan

- 2 -

Ástæðan er sú að sögn andmælanda að í flokkunum eru ýmsar vörur er tengjast fatnaði í hugum fólks.

Með bréfi dags. 20. marz 1991 svarar tilkynnandi andmælunum. Tilkynnandi mótmælir því að ruglingshætta sé til staðar milli merkjanna. Hann telur að hvorki sé um sjón- né hljóðlíkingu að ræða. Tilkynnandi álitur kröfu andmælanda um að skráningu verði hafnað í öðrum flokkum en 25. flokki, fráleita. Ennfremur bendir tilkynnandi á að vörumerkið ELLOS sé einnig firmanafn skjólstæðings síns.

Þann 27. mars 1991 ítrekar andmælandi fyrri sjónarmið sín.

Tilkynnandi ítrekar sjónarmið sín í bréfi dags. 26. júlí 1991.

## **NIÐURSTAÐA:**

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins ELLOS skv. umsókn nr. 706/1990, fyrir vörur í 3., 9., 14., 18., 24., 25., 28. og 42. flokki. Andmælandi er eigandi vörumerkisins ELLESSE nr. 94/1980 sem skráð er í 25. flokki.

Þegar litið er á merkin í heild verður ekki séð að ruglingshætta geti verið til staðar skv. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

Hvað viðkemur þeirri ábendingu tilkynnanda að ELLOS sé einnig firmanafn skjólstæðings síns, er rétt að taka fram að erlend firmanöfn hafa engan rétt samkvæmt 3. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

## **ÞVÍ ÁKVARÐAST:**

Skráning vörumerkis skv. umsókn nr. 706/1990 er heimiluð.

---

Ásta Valdimarsdóttir, lögfr.

Afrit sent til:  
Sigurjónsson & Thor h.f.  
Óðinsgötu 4  
101 Reykjavík